

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Vorsabær, L166501.*

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu er varðar land Vorsabæjar 1, L166501. Í breytingunni felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss í stað frístundahúss á byggingarreit 1A auk þess sem byggingarheimildir eru auknar úr 150 fm sumarhúsi í heimild fyrir íbúðarhúsi, gestahúsum og bílskúr innan 300 fm byggingarheimildar.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2022.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 13. febrúar 2023*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. febrúar 2023